

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatakjum og geisla-virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	48.747 16.291
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	60.836 20.367
c) Tölvusneiðmyndataeki fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	81.202 48.747
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	40.607 12.216
e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	48.747 16.291
f) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	24.304 10.114
g) Iðnaðarröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	39.680 20.367
h) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar	40.632 12.216
i) Öryggisröntgentæki fyrir hvert eins tæki til viðbótar: 4 eða færri á sama stað fyrir hvert tæki umfram 5 á sama stað	28.381 12.216 8.151
j) Röntgentæki til efnarannsóknna og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar	24.304 8.151
2. <i>Geislalækningatæki:</i>	56.900
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	16.291
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	64.910
Rannsóknastofa í flokki B	47.651
Rannsóknastofa í flokki C	31.727
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir	40.594
fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila aðrar lokaðar geislalindir	15.925 37.727
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað	10.114
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	8.151
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu	734
TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	1.833
Fyrir hvert týnt eða skemmt TLD hylki þarf að greiða	3.584

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1.	<i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a.	Leyfi vegna nýrra tækja	10.114
b.	Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	8.151
2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i>	
	Leyfi vegna nýrra tækja og breytinga	8.151
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	12.216
b.	Aðrar geislalindir	10.114
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i.	Flokkur A	16.291
ii.	Flokkur B	12.216
iii.	Flokkur C	8.151
b.	Árleg endurnýjun	
i.	Flokkur A	8.811
ii.	Flokkur B	8.151
iii.	Flokkur C	6.039

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 9.020 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða rafsegulssviði skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr. 22.552. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 3.418. Fyrir mælingar á rafsegulssviði skal stofnunin innheimta kr. 22.552 fyrir allt að 8 mælingar á sama stað. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar á sama stað skal innheimta kr. 2.560.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 40/2013.

Velferðarráðuneytinu, 11. mars 2014.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Margrét Björnsdóttir.